



# Ársreikningur 2015

## Greinargerð

Hér á eftir eru teknar saman frekari upplýsingar um ársreikning ársins 2015, að öðru leyti er vísað til ágættra skýringa með ársreikningnum sjálfum og skýrslu endurskoðanda. Ársreikningur samanstendur af upplýsingum um A hluta sveitarsjóðs og samantekin A og B hluta. Í A- hluta er aðalsjóður auk eignasjóða. Í B- hluta eru veitustofnanir, hafnarsjóður, félagslegar íbúðir og Tímatákn ehf.

### Rekstur.

Rekstrartekjur Sveitarfélagsins Skagafjarðar námu á árinu **4.316 millj. króna** af samstæðunni í heild, A og B hluta. Þar af voru rekstrartekjur A hluta **3.652 millj. króna**. Rekstrargjöld samstæðunnar að frátöldum afskriftum og fjármagnsliðum voru **3.952 millj. króna**, þ.a. A hluta **3.540 millj. króna**. Rekstrarniðurstaða A og B hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði er jákvæð um **364 millj. króna**, þar af er rekstrarniðurstaða A hluta jákvæð fyrir afskriftir og fjármagnsliði um **113 millj. króna**. Afskriftir eru samtals **178 millj.króna**, þar af **101 millj.króna** hjá A-hluta. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru hjá samstæðunni í heild samtals tæplega **251 millj. króna**, þ.a. eru **188 millj. króna** fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur í A- hluta sveitarsjóðs. Rekstrarniðurstaða A og B hluta á árinu 2015 er neikvæð um **97 millj.króna** og rekstrarniðurstaða A hluta er neikvæð um **176 millj.króna**. Sveitarfélagið Skagafjörður skilar nú halla af rekstri samstæðu í fyrsta sinn frá árinu 2011, aðallega er það vegna nýrra kjarasamninga og breytinga á starfsmati aftur í tímann.

### Efnahagur.


Eignir Sveitarfélagsins Skagafjarðar A og B hluta voru í árslok samtals **7.708 millj. króna**, þ.a. voru eignir A hluta **5.812 millj. króna**. Skuldir og skuldbindingar voru í árslok 2015 samtals **6.056 millj. króna**, þ.a. hjá A hluta **4.772 millj.króna**. Langtímaskuldir námu alls **3.573 millj.króna** hjá A og B hluta auk **368 millj.króna** næsta árs afborgana. Eigið fé nam **1.653 millj. króna** hjá samstæðunni í árslok og er eiginfjárhlutfall **21%**. Af þessari tölu nam eigið fé A hluta **1.040 millj. króna** og eiginfjárhlutfall **18%**. Lífeyrisskuldbindingar nema **1.057 millj.króna** í árslok og hækkuðu á árinu um **107 millj.króna** nettó vegna aukinna lífeyrisréttinda.

### Sjóðsstreymisyfirlit.

Veltufé frá rekstri A og B hluta nam **275 millj.króna**, þar af er veltufé frá rekstri A hluta **87 millj.króna**. Handbært fé frá rekstri A og B hluta er **264 millj.króna**. Fjárfestingahreyfingar námu á árinu 2015, **351 millj.króna**, þar af námu fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum **366 millj.króna** á árinu 2015. Afborganir langtímalána á árinu 2015 eru **358 millj.króna**, handbært fé lækkaði um **5 millj.króna** á árinu og nam það **7 millj. króna** í árslok.



Veltufé frá rekstri hjá Sveitarfélaginu Skagafirði 2002-2015 í þúsundum króna



## Rekstrartekjur.

Sé horft til samanburðar á milli ára á helstu stærðum er lúta að rekstri er breytingin nokkur. Eftirfarandi tafla (1) sýnir rekstrarniðurstöðu árána 2009 - 2015 og hlutfallslega breytingu milli árána 2014-2015.

Tafla 1	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	Br.milli ára	Breyting %
Rekstrartekjur	3086	3162	3298	3548	3902	3933	4316	383	109,7%
Rekstrargjöld	-2955	-3005	-3213	-3256	-3340	-3649	-4131	-482	113,2%
Fjármagnsliðir	-320	-159	-359	-278	-228	-201	-251	-50	124,9%
	-189	-2	-274	14	334	83	-66	-149	
Óreglul.tekjur -(gjöld)	-63	-13	4	3	-20,2	44	-31	23,8	
Rekstrarhagnaður -(gjöld)	-252	-15	-270	17	313,8	127	-97	-125,2	

Rekstrartekjur hækka um 9,7 % milli ára, sem er mun meira en árið á undan, en rekstrargjöld hækka um 13,2% hjá samstæðunni.



## Rekstrarkostnaður.

Þegar horft er til rekstrarútgjalda, þá er vert að geta þess að laun og launatengdur kostnaður eru þar langstærstu kostnaðarliðirnir. Hjá samstæðunni allri, A og B hluta, hljóðuðu þessir kostnaðarliðir upp á um **2.401 millj. króna** á árinu eða sem nemur um **55,6%** af samanlögðum tekjum samstæðunnar. Sambærilegar tölur fyrir A hluta eingöngu eru þær að laun og launatengdur kostnaður var um **2.262 millj. króna** eða rétt tæplega **62%** af heildartekjum A hlutans. Á milli árána 2014 og 2015 hækkuðu laun og launatengdur kostnaður um 15,4% hjá Sveitarfélaginu Skagafirði að meðtaldri hækkun á lífeyrisskuldbindingu. Í rekstrargjöldum vega þyngst nýjir kjarasamningar og hækkar á launum í tengslum við nýtt starfsmat aftur í tíman. Rekstur félagsþjónustunnar var einnig dýrari en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir og þar munar mest um að fjárframlög frá ríki til þjónustu við fatlað fólk hafa ekki staðið undir óbreyttu þjónustustigi.

Eftirfarandi tafla (2) sýnir samanburð á þessum kostnaðarliðum fyrir árin 2009 - 2014.

Tafla 2	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
	A+B	A+B	A+B	A+B	A+B	A+B	A+B
Rekstrartekjur	3.086	3.161	3.298	3.548	3.902	3.933	4.315
Laun og launat. gjöld	1.738	1.820	1.901	1.968	1.978	2.105	2.401
Hlutfall af tekjum	56,30%	57,60%	57,60%	55,50%	50,70%	53,52%	55,64%

## Rekstur málaflokka – ráðstöfun skatttekna.

Vert er að skoða hvernig skatttekjum sveitarfélagsins er ráðstafað til einstakra málaflokka í A hluta, en skatttekjur eiga að standa undir rekstri hans samkvæmt þeim viðmiðum sem gengið er út frá. Eftirfarandi tafla (Tafla 3) er sambærileg og tafla í skýringu 21 á bls. 27 í ársreikningi.

Í töflunni hér fyrir neðan er sýndur samanburður sex ára, 2010 – 2015.

Hvað stærsta málaflokkinn varðar, fræðslu- og uppeldismálin, þá fer kostnaður við hann lækkandi sem hlutfall af skatttekjum á árunum 2012 og 2013, en hækkar svo aftur á milli árána 2013, 2014 og 2015, hvert prósentustig í þeim málaflokki hefur mikil áhrif eins og þekkt er.

Aðhaldssemi hefur verið viðhöfð í rekstri sveitarfélagsins síðustu misseri og dregið hefur verið úr ýmsum rekstrarþáttum. Lögð hefur verið áhersla á að standa vörð um lögbundna þjónustu sveitarfélagsins og hægt er að segja með sannri að ekki hafi átt sér stað veruleg þjónustuskerðing þó aðhald hafi vissulega verið mikið. Aðhald verður að vera áfram í rekstri sveitarfélagsins á komandi árum og að áfram verði leitað hagræðingartækifæra en þó ávallt með það að markmiði að gæta jafnvægis í þjónustu sveitarfélagsins.



Tafla 3

Aðalsjóður	2010	%	2011	%	2012	%	2013	%	2014	%	2015	%
Skatttekjur	2.115		2.213		2.358		2.561		2.610		2.807	
Félagsþjónusta	127	6,0%	178	8,0%	166	7,0%	179	7,0%	210	8,0%	236	8,4%
Heilbrigðismál	13	0,6%	14	0,6%	14	0,6%	1	0,0%	1	0,0%	7	0,2%
Fræðslu- og uppeldismál	1.308	61,8%	1.381	62,4%	1.411	59,8%	1.392	54,4%	1.512	57,9%	1.696	60,4%
Menningarmál	125	5,9%	134	6,1%	131	5,6%	117	4,6%	130	5,0%	137	4,9%
Æskulýðs- og íþróttamál	265	12,5%	286	12,9%	283	12,0%	287	11,2%	308	11,8%	321	11,4%
Brunamál og almannavarnir	48	2,3%	49	2,2%	52	2,2%	57	2,2%	54	2,1%	59	2,1%
Hreinlætismál	22	1,0%	19	0,9%	39	1,7%	43	1,7%	43	1,6%	38	1,4%
Skipulags- og byggingarmál	32	1,5%	39	1,8%	35	1,5%	42	1,6%	46	1,8%	44	1,6%
Umferðar- og öryggismál	58	2,7%	61	2,8%	81	3,4%	95	3,7%	86	3,3%	89	3,2%
Umhverfismál	49	2,3%	56	2,5%	53	2,2%	59	2,3%	60	2,3%	68	2,4%
Atvinnumál	62	2,9%	46	2,1%	50	2,1%	46	1,8%	50	1,9%	53	1,9%
Framlög til B hluta	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
Sameiginlegur kostnaður	153	7,2%	186	8,4%	172	7,3%	223	8,7%	231	8,9%	201	7,2%
Lífeyrisskuldbinding	6	0,3%	78	3,5%	56	2,4%	53	2,1%	85	3,3%	125	4,5%
Óvenjulegir liðir	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
Fjármunatekjur- (gjöld)	52	2,5%	57	2,6%	46	2,0%	17	0,7%	23	0,9%	10	0,4%
<b>Aðalsjóður samtals</b>	<b>-101</b>		<b>-257</b>		<b>-139</b>		<b>-16</b>		<b>183</b>		<b>257</b>	
Eignasjóður	14	0,7%	-14	-0,6%	87	3,7%	51	2,0%	171	6,6%	128	4,6%
Þjónustustöð	-25	-1,2%	-31	-1,4%	-27	-1,1%	-24	-0,9%	-35	-1,3%	47	1,7%
<b>A-hluti - sveitarsjóður samtals</b>	<b>-112</b>		<b>-302</b>		<b>-79</b>		<b>11</b>		<b>-47</b>		<b>-176</b>	

## Samanburður fjárhagsáætlunar og rauntalna.

Þegar samanburður áætlunar og rauntalna í rekstri er skoðaður ber að hafa í huga að áætlun ársins var um margt aðhaldssöm. Rekstrartap umfram það sem áætlað var fyrir árið 2015 er 157 mkr. Helstu breytingar frá áætlun á einstökum málaflokkum eru þær að skatttekjur eru hærri en áætlað var eða um 99 mkr., félagsþjónusta fer fram úr áætlun í útgjöldum um 41 mkr. og munar þar mest um að fjárframlög frá ríki til þjónustu við fatlað fólk hafa ekki staðið undir óbreyttu þjónustustigi eins og áður hefur komið fram. Fræðslumálin fara fram úr áætlun um 92 mkr og ráða þar nýjir kjarasamningar og breytingar á starfsmati aftur í tímann til ársins 2014. Æskulýðs- og íþróttamál fara 10 mkr. fram yfir áætlun, þar gætir einnig áhrifa hækunar á kjarasamningum og starfsmats, menningarmál eru aftur á móti 17 milljónir undir áætluðum útgjöldum og hefur þar áhrif að tekjur eru hærri en áætlað var. Umferðar- og öryggismál fara fram úr áætlun um 13 milljónir og er það aðallega vegna meiri snjómoksturs en áætlað var. Að lokum má geta þess að lífeyrisskuldbinding hækkar um 80 milljónir í A-hluta umfram áætlun og er það vegna breytinga á kjarasamningum. Vísað er að öðru leyti til ágættra skýringa og sundurliðana með ársreikningnum hvað þennan lið varðar. Til nánari greiningar sýnir eftirfarandi tafla heildaryfirlit um rekstur samstæðunnar á árinu og frávik einstakra liða frá fjárhagsáætlun ársins.




Samanburður	Ársreikningur	Áætlun	Mismunur	%
<b>Aðalsjóður</b>				
Skatttekjur	2.806	2.707	99	103,7%
Félagsþjónusta	236	195	41	121,0%
Heilbrigðismál	7	7	0	100,0%
Fræðslu- og uppeldismál	1.696	1.604	92	105,7%
Menningarmál	137	154	-17	89,0%
Æskulýðs- og íþróttamál	321	311	10	103,2%
Brunamál og almannavarnir	58	64	-6	90,6%
Hreinlætismál	38	40	-2	95,0%
Skipulags- og byggingarmál	44	46	-2	95,7%
Umferðar- og öryggismál	89	76	13	117,1%
Umhverfismál	68	76	-8	89,5%
Atvinnumál	53	57	-4	93,0%
Framlög til B hluta	0	0	0	0,0%
Sameiginlegur kostnaður	201	212	-11	94,8%
Lífeyrisskuldbinding	125	45	80	277,8%
Óvenjulegir liðir	0		0	0,0%
Fjármunatekjur-(gjöld)	10	6	4	166,7%
<b>Aðalsjóður samtals</b>	<b>257</b>	<b>174</b>	<b>83</b>	<b>147,7%</b>
<b>A-hluta stofnanir</b>				
Eignasjóður	128	159	-31	80,5%
Þjónustustöð	47	47	0	100,0%
<b>A-hluti - sveitarsjóður samtals</b>	<b>176</b>	<b>62</b>	<b>238</b>	<b>283,9%</b>
<b>B-hluta stofnanir</b>				
Hafnarsjóður	22	20	2	110,0%
Vatnsveita	47	22	25	213,6%
Sjóveita	1	0,1	0,9	1000,0%
Hitaveita	30	38	-8	78,9%
Skagafjarðarveitur ehf				
Fráveita	55	51	4	107,8%
Félagslegar íbúðir	16	9	25	177,8%
Tímatákn ehf	0,2		0,2	
<b>B-hluta stofnanir samtals</b>	<b>78,8</b>	<b>122,1</b>	<b>2,8</b>	<b>64,5%</b>
<b>A og B-hluti samtals</b>	<b>-97</b>	<b>60</b>	<b>-157</b>	<b>-161,7%</b>



## Ný sveitarstjórnarlög.

Í nýlegum sveitarstjórnarlögum sem tóku gildi í upphafi árs 2012 segir í 64. gr. að „samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B – hluta í reikningsskilum skv. 60 gr. séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum“. Má segja að þessar skyldur séu uppfylltar þrátt fyrir neikvæða afkomu í ársreikningi ársins 2015.

Einnig segir í 64.gr. nýrra sveitarstjórnarlaga að heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60.gr. megi ekki vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Frá heildarskuldum og skuldbindingum er heimilt að draga frá hluta lífeyrisskuldbindinga samkvæmt reglugerð 502/2012 um fjárhagsviðmið sveitarfélaga. Hjá Sveitarfélaginu Skagafirði er skuldahlutfall 130% á árinu 2015 hjá samstæðunni þegar búið er að draga frá hluta lífeyrisskuldbindinga af heildarskuldum og skuldbindingum eins og heimilað er. Séu lífeyrisskuldbindingar ekki dregnar frá er skuldahlutfallið 140% hjá samstæðunni og lækkar á milli ára.





## Samantekt í lokin.

Ársreikningur ársins 2015 fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð gefur glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu.

Þer að þakka þann árangur sem hefur náðst í rekstri sveitarfélagsins en jafnframt að brýna menn áfram til góðra verka í þeirri vinnu sem alltaf er í gangi. Mikilvægt er að áframhald verði á góðri samvinnu allra aðila svo halda megi þannig á málum að við getum áfram rekið hér gott samfélag sem er í stakk búið til að veita íbúum sínum góða þjónustu og þannig stuðla að áframhaldandi jákvæðri þróun í vexti og viðgangi sveitarfélagsins.

Að lokum vil ég þakka öllu starfsfólki Sveitarfélagsins Skagafjarðar fyrir þann góða árangur sem náðst hefur í rekstri sveitarfélagsins og síðast en ekki síst öllum þeim sem lögðu á sig ómælda vinnu við gerð þessa ársreiknings.

Sauðárkróki 25. maí 2016.

Ásta Pálmadóttir  
sveitarstjóri